

# Almennt leiguhúsnæði og leiguíbúðir fyrir aldraða

## Umræðupunktur

### Almennt leiguhúsnæði:

-Kanna þörf á litlu leiguhúsnæði

-Er hægt að byggja upp lítið leiguhúsnæði án aðkomu sveitarfélagsins?

-Á sveitarfélagið að greiða niður leigu á almennum markaði? En sveitarfélagið stjórnar verðinu.

-Ungt fólk þarf að fá tækifæri til að prófa að búa hérna. Þrepaskipting leigu hjá ungu fólki færi stighækkandi með tímanum með möguleika á kaupum eftir einhvern tíma.

### Leiguíbúðir fyrir aldraða:

-Fjölga íbúðum og sérstaklega stærri einstaklingsíbúðum.

-Það vantar millistig fyrir fólk sem vill ekki endilega fara inn í Sundabúð.

-Svæðið fyrir innan læknisbústað eða Merkistún mögulegar staðsetningar.

-Sækja pening til ríkisins; í framkvæmdasjóð aldraðra. Pressa á þingmenn kjördæmisins.

## Niðurstöður

Fólk var almennt sammála um að það væri einhver þörf á almennu leiguhúsnæði en þyrfti að kanna þá þörf nánar. Ánægja með hugmyndina um þrepaskipta leigu með möguleika á kaupum. Kanna möguleika á að tekjutengja leiguna meira, t.d. með húsaleigubótum.

Þörfin fyrir leiguíbúðir fyrir aldraða er til staðar. Getum ekki horft framhjá hækkandi meðalaldri.

## Næstu skref

Kanna þörf á almennu leiguhúsnæði og skoða möguleika á þrepaskiptri leigu. Kanna samstarf við Mælifell um Þórshafnarleiðina.

Sækja peninga í framkvæmdasjóð aldraðra og finna staðsetningu fyrir leiguíbúðir aldraðra.